



HPEM2GBO2B  
Permanent 2  
Kennsluáætlun – vorönn 2023

## Fjölbrotaskóli Suðurlands

**Kennari áfangans: E Arna Árnadóttir**

[earnaarna@fsu.is](mailto:earnaarna@fsu.is)

**Áfangalýsing:** Nemandi fær frekari þjálfun í gerð verklýsinga og öðlast aukna leikni í upprúlli á permanenti með ólíkum spólugerðum. Gerðar eru auknar kröfur varðandi hraða og vandvirkni. Farið er í ýmis permanentefni og vinnuaðferðir og kennd greining hárs. Unnið áfram með hárvott og mismunandi tegundir næringarnudds. Notast er við æfingahöfuð við verklega þjálfun.

### Markmið áfangans:

**Þekking:** Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi tegundum permanentefna og notkun þeirra.
- gerð verklýsinga í permanenti.
- mismunandi tegundum höfuðnudds.

**Leikni:** Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- framkvæma mismunandi upprúll fyrir permanent með tilliti til útkomu.
- velja og nota ýmsar spólugerðir með tilliti til útkomu.
- gera spjaldskrár og verklýsingar.
- framkvæma hárvott og höfuðnudd.

**Hæfni :** Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- meðhöndla hárið á viðeigandi hátt fyrir og eftir meðferð.
- rúlla upp a.m.k. þremur tegundum mismunandi permanents.
- nota verklýsingar sem fyrirmynd verks.

**Námsmat**      Símat